


# Wonlex CT23 & CT24 4G krakka snjallúr.

## Leiðbeiningar vegna uppsetningu á úri.

Setjið NANO SIM kort inn í kortarafina  
(Örgjörvinn snýr upp að skjá) og kveikið síðan á úrinu.  
(Ath. SIM kort með gagnamagni og inneign)

**Stilling á stjórnstöð, aðalleið**  
Sendu SMS úr símanum þínum til símanúmer úrsins með textanum :  
**pw,123456,center,SÍMANÚMER FORELDRA#**  
(Ath. að nota lágstafi, kommur og muna eftir # í lokin)  
(Ath. engin staðfesting kemur til baka.)

**Stilling á stjórnstöð**  
þ.e. sími foreldris sem verður aðaltengiliður úrsins.  
Ath. Síminn verður að hafa kveikt á DATA ROAMING



**Stilling símafyrirtækis.**  
Nauðsynlegt er að stilla úrið með upplýsingum frá símafyrirtækinu. Sendu eitt SMS úr farsímanum til símanúmer úrsins til að virkja stillingun.  
Aðeins þarf að senda eitt SMS.  
  
Ath. að velja rétt símafyrirtæki  
Nova  
Vodafone  
Síminn  
Hringdu  
365

**Algengar lausnir**

- Ath. að hafa kveikt á „DATA ROAMING“ (Gagnareiki, Gagnarófi) í símanum.
- Ath. hvort að kveikt sé á úrinu.
- Ath. hvort að virkt SIM kort sé í úrinu. - Prófaðu að hringja í úrið.
- SIM kort þarf að hafa gagnaáskrift og inneign.
- Prófið að nota lykilorðið 523681 í stað 123456  
Dæmi : pw,523681,center,8559999#
- Ath. að nota rétt lykilorð, ef því hefur verið breytt notið þá nýja persónulega lykilorðið í stað 123456.
- Passa þarf fjölda komma, punkta og bila í stillingaratriðum, lykilorðin á farsímum leiðrétt oft textarunurnar rangt og búa sjálfkrafa til bil á eftir punkt og kommu.
- Staðfestu APN stillingarnar hjá símafélaginu.
- Sjá nánar „Spurt og svarað“ á bls.2

Úrið svarar til baka að APN sé orðið virkt í úrinu á innan við 1 mínútu.

**Breyta lykilorðinu (pw - password)**  
Ath. Nauðsynlegt er að breyta sjálfgefna lykilorðinu í persónulegt lykilorð sem notandi velur sjálfur.  
Lykilorðið má vera 5-9 stafir, aðeins lágstafir.  
Sendu SMS úr símanum í úrið: **pw,OLD\_PASSWORD,pw,NEW\_PASSWORD#**  
Dæmi: pw,123456,pw,888999#  
- Þarna vorum við að breyta lykilorðinu á úrinu frá því að vera 123456 yfir í að vera 888999  
(Ath. engin staðfesting kemur til baka.)

**Endurræsið úrið**  
Slökktu á úrinu með því að fara í settings í úrinu og fara inn í „shut down“.  
Kveikið svo aftur með takkanum á úrinu.  
Setjið síðan upp forrit t.d. Wonlex appið í símann, sjá leiðb. á bls.2.

## Leiðbeiningar vegna uppsetningu á Appi í snjallsíma.

1. Verið viss um að vera búin að virkja úrið sjálfst á Bls. 1 áður en lengra er haldið!
2. Sækja þarf appið Wonlex á Google Play / iOS App Store og setja upp í síma foreldra.
3. Opna app og velja þarf Register til að stofna nýjan aðgang
  - a. Watch id/License: *Skanna inn QR kóða sem má finna á umbúðum úrsins.*
  - b. Account: *Netfangið þitt*
  - c. Nickname: *Gælunafn notanda úrsins (t.d. Nonni)*
  - d. Password: *6-12 stafa lykilorð að Wonlex aðgang*
  - e. R\_Password: *Staðfesta (endurtaka) lykilorð*
  - f. Athugið að stillt er á Region: „Europe and Africa“
4. Ef það á að bæta við öðru úri þá er farið inn í „Me“ (Avatar uppi til vinstri) flipann, “ Device List“ og „Add device“.
5. Ef það á að bæta við öðrum síma nærðu í appið í þeim síma og skráir þig inn með sama notendanafni og lykilorði.
6. Í stillingum ferð þú svo í símaskrána (Phone book) og bætir inn tengiliðum sem barnið getur hringt í. Hægt er að velja allt að 15 tengiliði. Ef hringt er í úrið úr númeri sem er ekki skráð í símaskrána lokar úrið sjálfkrafa á símtalið.



### Spurt og svarað:

#### Appið sýnir ónákvæma staðsetningu:

Ath. úrið þarf að vera úti og sjá senda til að gefa nákvæmstu staðsetninguna. Ef úrið sér enga eða fáa senda t.d. úrið er stutt inn í miðju húsi þá getur komið röng staðsetning.

#### Appið segir „Device offline“ eða birtir ennþá ranga staðsetningu:

SMS kóði: **pw,LYKILORÐ,ip,52.28.132.157,8001#** biður úr um uppfærslu á staðsetningarupplýsingum.

#### Ég týndi ID númerinu (QR kóðanum):

Hægt að sjá afrit af því í App flípanum í úrinu sjálfu eða með SMS kóða: **pw,LYKILORÐ,ts#**

#### Ég vil ekki að úrið geti ekki tengst við önnur eins krakkasnjallúr (Vinaúr):

Slökkt á eiginleika: **pw,LYKILORÐ,makefriend,0#** --eða-- Kveikt á eiginleika: **pw,LYKILORÐ,makefriend,1#**

#### Ég vil að úrið trufli ekki á skólatíma:

Þá getur þú stillt úrið á „Do Not Disturb“ með appinu sem lokar þá fyrir alla virkni aðra en að úrið sýni tíma. Þú velur tíma sem að þessi stilling á að vera virk. Athugið að það þarf að stilla tímann hvern dag (00:01-23:59) T.d. þarf að gera 2 tíma 20:00-23:59 og 00:01-08:00 þannig að tíminn nái frá 20:00 til 08:00.

#### Hvernig áskrift þarf ég fyrir úrið?:

Úrið notar **NANO SIM** kort með lágmarks gagnamagni (1GB á mánuði er nóg) fyrir staðsetningarupplýsingar og almenna notkun. Einnig þarf inneign fyrir talsamband ef áskriftarleið rukkar fyrir símtöl og SMS.

Nánari upplýsingar og þjónustu veitir Tölvutek ehf.

